

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Breiðarsvæðis, Bárugata 15.

Bæjarstjórn Akraness samþykkti 9. janúar 2024 breytingu á deiliskipulagi Breiðarsvæðis vegna Bárugötu 15. Í breytingunni felst að heimilað verði fjölbýlishús með 8 íbúðum ásamt atvinnuhúsnæði, húsið verður hækkað í fjórar hæðir. Nýtingarhlutfall lóðar verður 1,6.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Smiðjuvalla, Smiðjuvellir 4.

Bæjarstjórn Akraness samþykkti 9. janúar 2024 breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna Smiðjuvalla 4. Í breytingunni felst stækkun á núverandi byggingarreit til að byggja dreifistöð rafmagns á lóð. Dreifistöðin mun standa allt að 1,7 m frá lóðarmörkum, kvaðir verða um aðkomu að henni og um aðgengi að lögnum meðfram Þjóðbraut. Hámarkshæð byggingar verður 3,1 m, útlit byggingar verður samskonar og núverandi hús og litur á þaki dökkur.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Akranesi, 16. febrúar 2024.

Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. mars 2024